

Forsætisráðuneytið

Stjórnarráðshúsinu

101 Reykjavík



Reykjavík 05.10.2021

**Efni: Umsögn UN Women á Íslandi um skýrslu og tillögur starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa nr. 173/2021**

UN Women á Íslandi fagnar vinnu og skýrslu starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa og þeim tillögum að aðgerðum sem lagðar eru fram.

Líkt og rannsóknir sýna er helsta ástæða kynbyndins launamunar, hve kynskiptur vinnumarkaðurinn á Íslandi er. Víða hefur jafnlaunavottunum verið beitt innan vinnustaða, en sú aðgerð nær ekki milli vinnustaða og atvinnugeira. Því þarf aðrar aðgerðir til að leiðrétta launamun á hinum kynbundna vinnumarkaði.

Mikilvægt er að vinna gegn þeirri ómeðvituðu hlutdrægni sem virðist lifa góðu lífi á vinnumarkaðnum við verðmæta- og virðismat starfa. UN Women á Íslandi fagnar þeirri jafnvirðisnálgun jafnréttis laga sem lögð er fram í skýrslunni, þ.e. að jöfn laun verði greidd fyrir jafn verðmæt störf. Einnig að ólík störf geta verið jafn verðmæt og hvort að störf séu jafn verðmæt, byggist á heildstæðu mati. Við það heildstæða mat er gríðarlega mikilvægt að mati UN Women á Íslandi að matsaðilar falli ekki í gryfju ómeðvitaðrar hlutdrægni.

UN Women á Íslandi telur gríðarlega mikilvægt að aðgerðarhópur stjórnvalda um launajafnrétti með aðild aðila vinnumarkaðarins verður stofnaður sem fyrst með fyrst og fremst það fyrir augum að leiðrétta kerfisbundið vanmat á störfum þar sem konur eru í meirihluta.

UN Women á Íslandi tekur undir tillögur starfshóps forsætisráðuneytis um að stofna aðgerðahóp stjórnvalda um launajafnrétti sem greini vandann, þrói viðeigandi verkfæri og samningaleiðir en jafnframt auki þekkingu um jafnvirðisnálgun jafnréttis laga.

Jafnframt leggur UN Women á Íslandi höfuðáherslu á og hvetur aðgerðahópinn, sem vonandi verður stofnaður sem fyrst, til að þróa sérstaklega verkfæri/verklag sem tryggir og kemur í veg fyrir að matsaðilar sem beita slíkri jafnvirðisnálgun geti einfaldlega ekki fallið í þá gryfju að láta ómeðvitaða hlutdrægni ráða för við verðmætamat fjölbreyttra starfa á hinum kynskipta íslenska vinnumarkaði.

Síðast en ekki síst hvetur UN Women á Íslandi stjórnvöld til að tryggja að nægjanlegt fjármagn og starfsfólk fylgi þessu stóra verkefni svo það nái þeim árangri að leiðrétta endanlega þann kynbundna launamun sem virðist lifa góðu lífi á Íslandi.

Virðingarfyllst,

f.h. UN Women á Íslandi

Stella Samúelsdóttir

A handwritten signature in blue ink that reads 'Stella Samúelsdóttir'.

framkvæmdastýra